



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Greining á rekstri
hjúkrunarheimila

Ráðgjafarsvið KPMG

—
23. nóvember 2021



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hjúkrunarheimili Vesturlands	4
Greiningar og samanburður	7
Ábendingar um tækifæri til úrbóta	17
Viðauki	19

Bls.

Fyrirvari

KPMG hefur verið ráðið af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (hér eftir „SSV“ / „verkkaupi“) til að framkvæma greiningu og ná fram heildstæðu yfirliti um rekstur og stöðu hjúkrunarheimila á Vesturlandi.

Greining KPMG náði til rekstraráranna 2017-2020 en jafnframt voru lykilmælikvarðar úr rekstri hjúkrunarheimilanna bornir saman við niðurstöður úr skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins „*Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila*“ sem gefin var út í apríl 2021. Greiningar og niðurstöður KPMG byggja á upplýsingum um rekstur hjúkrunarheimilanna frá stjórnendum þeirra auk annarra opinberra gagna. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður greiningarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.

Upplýsingarnar sem koma fram í þessari skýrslu endurspeglar ekki niðurstöður áreiðanleikakönnunar en varað er við að niðurstaða slíkrar könnunar gæti haft áhrif á undirliggjandi gögn og þar af leiðandi niðurstöður greiningar KPMG. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

Ekkert í þessu verkefni ber að túlka sem lögfræðilegt álit eða mat á lögfræðilegum atriðum.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu greiningarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli greiningarinnar eða niðurstaðna sem í skýrslunni eru, er hjá SSV sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

Tengiliðir KPMG



Svanbjörn Thoroddsen
Partner
Ráðgjafarsvið

Sími: 545 6220
sthoroddsen@kpmg.is



Guðmundur F. Hermannsson
Senior Manager
Ráðgjafarsvið

Sími: 545 6251
ghermannsson@kpmg.is

Inngangur

KPMG hefur stillt upp greiningum á rekstri sjö hjúkrunarheimila á Vesturlandi. Greiningin byggir á gagnafyrirspurn sem send var á rekstraraðila hjúkrunarheimilanna og innihélt m.a. upplýsingar um rekstrartekjur og -gjöld heimilanna, starfsmannahald og aðra lykilþætti í starfsemi þeirra. Veittar upplýsingar ná til árána 2017-2020.

- Athuga skal að upplýsingar frá hjúkrunarheimilunum og allar greiningar í þessari skýrslu snúa að rekstri hjúkrunarheimilanna sem slíkra og því kunna einstaka órekstrartengdir þættir að vera undanskildir. Fyrir vikið stemma rekstraryfirlit þessarar skýrslu ekki við ársreikning viðkomandi heimilis í öllum tilvikum.

Þau hjúkrunarheimili sem falla undir greiningu KPMG eru eftirfarandi:

- Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnesi
- Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún, Dalabyggð
 - Rekstur tveggja íbúða sem eru í eigu Silfurtúns en eru ekki taldar tilheyrja rekstri hjúkrunarheimilins sem slíks er undanskilinn. Þá taka undirliggjandi rekstrargreiningar mið af viðhaldskostnaði sem eignfærður var í ársreikningi.
- Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól, Grundarfjarðarbær
- Dvalarheimilið í Stykkishólmi
 - Rekstur eldhúss er undanskilinn en um er að ræða sameiginlegt eldhús fyrir dvalarheimilið, grunnskólann og HVE Stykkishólmi. Þó er tekið tillit til kostnaðar dvalarheimilisins vegna kaupa á mat / þjónustu eldhússins.
- Hjúkrunarheimilið Fellsendi, Dalabyggð
- Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi
 - Upplýsingar og greiningar eiga við starfsemi hjúkrunar- og dvalarrýma en Höfði rekur jafnframt umfangsmikla dagdvöl ásamt því að reka ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra á Akranesi skv. samningi. Stjórnendur telja rétt að undanskilja þennan hluta rekstrarins í þessari greiningu.
- Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar, Ólafsvík

Samanburður

Á næstu síðum eru rekstrartölur Hjúkrunarheimila Vesturlands skv. greiningum KPMG bornar saman við niðurstöður úr skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins „*Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila*“ sem gefin var út í apríl 2021.

Niðurstöður skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins byggja á upplýsingagjöf frá rekstraraðilum hjúkrunarheimila um tekju- og kostnaðarliði á árunum 2017-2020, þá þjónustu sem veitt er, hjúkrunarþyngd og fleiri þætti.

Hafa skal í huga að aðeins lágu fyrir upplýsingar um fyrri hluta ársins 2020. Fyrir vikið eru landsmeðaltöl þess árs áætluð með því að framreikna rekstrarniðurstöður fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Áhrif „Betri vinnutíma“ á undirliggjandi rekstur hjúkrunarheimilanna eru því ekki að fullu komin fram.





Hjúkrunar- heimili Vesturlands



Rekstraryfirlit 2017-2020

Rekstraryfirlit Hjúkrunarheimila Vesturlands				
ISK '000	2017	2018	2019	2020
Tekjur				
<i>Greiðslur frá ríki</i>				
Daggjaldagreiðslur frá ríki	1.990.776	2.197.513	2.285.491	2.462.028
Húsnæðisgjald frá ríki	153.604	165.272	180.176	202.136
Aðrar greiðslur frá ríki	13.234	43.785	14.972	58.509
	2.157.614	2.406.569	2.480.639	2.722.673
<i>Aðrar greiðslur</i>				
Framlög sveitarfélaga	54.220	56.111	359.927	218.483
Fæðissala / Leigutekjur / Félagsstarf	31.494	36.934	33.179	33.257
Kostnaðarþátttaka íbúa	11.054	21.164	20.215	19.263
Aðrar tekjur	45.172	51.431	58.745	54.112
	141.940	165.639	472.066	325.115
Tekjur alls	2.299.554	2.572.209	2.952.705	3.047.788
Rekstrarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld	(1.710.599)	(1.952.254)	(2.062.005)	(2.309.965)
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>				
Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur	(67.206)	(79.191)	(86.500)	(101.739)
Rekstur stoðþjónustu og aðkeypt þjónusta fyrir heimili	(168.400)	(182.494)	(191.912)	(209.627)
Þjónustukaup - aðkeypt sérfræðiþjónusta fyrir íbúa	(38.992)	(49.737)	(37.994)	(36.888)
Húsnæðiskostnaður	(137.739)	(154.172)	(152.380)	(177.078)
Ýmis rekstrarkostnaður	(22.611)	(32.748)	(30.844)	(28.770)
Eignakaup	(6.541)	(10.234)	(16.740)	(9.771)
	(441.490)	(508.576)	(516.371)	(563.872)
Rekstrarkostnaður alls	(2.152.089)	(2.460.830)	(2.578.375)	(2.873.837)
Rekstrarafkoma f. afskriftir og fjármagnsliði	147.465	111.379	374.329	173.951
Rekstrarafkoma án framlags sveitarfél.	93.245	55.267	14.402	(44.532)

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi og greining KPMG

Hækkun gjalda umfram tekjur

Í töflunni hér til hliðar má sjá rekstraryfirlit yfir heildarrekstur hjúkrunarheimila Vesturlands á árunum 2017-2020.

Sjá má að rekstrarafkoma heimilanna, án framlags sveitarfélaga, hefur farið versnandi á undanförunum árum og var á árinu 2020 neikvæð um tæpar 45 m.kr.

— Framlög sveitarfélaga hafa numið um 688 m.kr. á tímabilinu en þar af fékk Silfurtún um 296 m.kr. framlag frá sveitarfélaginu árið 2019 sem fól í sér afskrift skuldar við Aðalsjóð sem hafði safnast upp í gegnum árin og Dvalarheimili Stykkishólms fékk 154 m.kr. framlag á árinu 2020.

Aukinn halla má rekja til kostnaðarhækkana á undanförunum árum en launakostnaður heimilanna hefur hækkað um rétt tæpar 600 m.kr. (35%) yfir fjögurra ára tímabil og annar rekstrarkostnaður um 122 m.kr. til viðbótar. Á sama tímabili hafa rekstrartekjur (án framlaga sveitarfélaga) hækkað um 583 m.kr.

Rekstraryfirlit 2020

Rekstraryfirlit Hjúkrunarheimila Vesturlands 2020								
ISK '000	Brákar- hlíð	Silfur- tún	Fella- skjól	Dvalarh. Stykkis- hólmi	Fells- endi	Höfði	Jaðar	Vestur- land
Tekjur								
<i>Greiðslur frá ríki</i>								
Daggjaldagreiðslur frá ríki	608.894	119.109	146.131	194.152	326.364	892.956	174.423	2.462.028
Húsnæðisgjald frá ríki	22.108	30.189	10.297	12.184	21.856	71.514	33.987	202.136
Aðrar greiðslur frá ríki	12.152	2.297	-	13.978	18.137	11.944	-	58.509
	643.154	151.595	156.428	220.314	366.358	976.414	208.410	2.722.673
<i>Aðrar greiðslur</i>								
Framlög sveitarfélaga	29.568	-	5.935	153.624	-	29.356	-	218.483
Fæðissala / Leigutekjur / Félagsstarf	13.470	1.492	1.842	-	1.086	14.473	894	33.257
Kostnaðarþátttaka íbúa	-	5.788	-	5.954	2.876	-	4.645	19.263
Aðrar tekjur	26.298	258	2.623	196	14.052	6.117	4.568	54.112
	69.336	7.538	10.400	159.774	18.014	49.946	10.107	325.115
Tekjur alls	712.490	159.133	166.828	380.088	384.372	1.026.360	218.517	3.047.788
Rekstrarkostnaður								
Laun og launatengd gjöld	(516.124)	(122.363)	(126.542)	(190.712)	(321.537)	(851.859)	(180.829)	(2.309.965)
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>								
Lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur	(24.412)	(5.834)	(4.290)	(4.082)	(22.645)	(26.007)	(14.469)	(101.739)
Rekstur stoðþjónustu og aðkeypt þjónusta	(53.521)	(27.821)	(9.211)	(10.422)	(19.502)	(72.667)	(16.483)	(209.627)
Þjónustukaup - aðkeypt sérfræðisþjónusta	(6.932)	(2.079)	(3.195)	(10.856)	-	(12.036)	(1.790)	(36.888)
Húsnæðiskostnaður	(50.280)	(14.599)	(11.756)	(11.250)	(31.672)	(45.554)	(11.966)	(177.078)
Ýmis rekstrarkostnaður	(8.004)	(3.997)	(706)	(408)	(2.563)	(10.898)	(2.194)	(28.770)
Eignakaup	(1.644)	-	(425)	(996)	(895)	(4.912)	(899)	(9.771)
	(144.793)	(54.329)	(29.583)	(38.014)	(77.277)	(172.074)	(47.802)	(563.872)
Rekstrarkostnaður alls	(660.917)	(176.691)	(156.125)	(228.726)	(398.814)	(1.023.933)	(228.631)	(2.873.837)
Rekstrarafkoma f. afskriftir og fjármagnsliði	51.573	(17.559)	10.703	151.362	(14.442)	2.427	(10.114)	173.951
Rekstrarafkoma án framlags sveitarfél.	22.005	(17.559)	4.768	(2.262)	(14.442)	(26.929)	(10.114)	(44.532)

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi og greining KPMG

Fimm af sjö heimilum rekin með tapi árið 2020

Hér til hliðar sjá rekstraryfirlit ársins 2020 sundurliðað niður á einstaka hjúkrunarheimili.

Launahlutfall heimilanna er á bilinu 76-85% af tekjum þeirra (án framlags sveitarfélaga) og því til viðbótar er annar rekstrarkostnaður um 17-34% af tekjum hvers heimilis.

— Launahlutfallið er á bilinu 85-104% ef aðeins er horft til daggjaldagreiðsla frá ríkinu.

Án tillits til framlaga sveitarfélaga eru fimm hjúkrunarheimilin af sjö rekin með tapi og er samanlagður rekstrarhalli þeirra á árinu 2020 um 45 m.kr.



Greiningar og samanburður



Veitt þjónusta

Fjöldi rýma

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir fjölda þeirra rýma sem fyrir eru á hjúkrunarheimilum Vesturlands. Rýmin skiptast í hjúkrunarrými, dvalarrými, hluti hjúkrunarrýma er nýttur fyrir tímabundna dvöl eða hvíldarinnlagnir auk þess sem sum rými eru nýtt til dagþjónustu.

- Hjúkrunarheimilið Fellsendi sker sig nokkuð frá öðrum heimilum þar sem öll 27 rými heimilisins eru flokkuð sem geðrými.
- Um 30% rýma hjá Brákarhlíð og Jaðri eru dvalarrými sem skila þá af sér lægri daggjaldagreiðslur frá ríkissjóði.

Við útreikning á tekjum og/eða gjöldum á hvert rými er stuðst við heildarfjölda hjúkrunar- og dvalarrýma sem eru þá 212 fyrir Vesturland í heild sinni. Talið er að slík nálgun gefi hvað réttasta mynd um samanburð á milli heimila.

Fjöldi rýma 2020								
	Brákarhlíð	Silfurtún	Fellaskjól	Dvalarh. Stykkis- hólmi	Fellsendi	Höfði	Jaðar	Vestur- land
Hjúkrunar- og dvalarrými								
- Hjúkrunarrými	33	10	10	15	-	63	12	143
- Geðrými	-	-	-	-	27	-	-	27
- Dvalarrými	17	2	2	1	-	9	5	36
- Biðhjúkrunarrými	2	-	-	-	-	-	-	2
- Hvíldarrými	2	-	-	-	-	2	-	4
	54	12	12	16	27	74	17	212
Önnur rými								
- Dagdvalarrými	4	-	-	-	-	25	-	29
- Dagdvalarrými v/endurhæfingar	1	-	-	2	-	-	-	3
- Öryggis/þjónustuíbúðir	-	-	-	16	-	-	-	16
	5	-	-	18	-	25	-	48
Heildarfjöldi rýma	59	12	12	34	27	99	17	260

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi og greining KPMG

Samsetning tekna

Tekjur hjúkrunarheimila samanstanda af eftirfarandi tekjustráumum:

- *Daggjaldagreiðslur frá ríki:* Framlög ríkisins í formi daggjalda er ætlað að standa undir almennum rekstrarkostnaði stofnana öðrum en húsnæðiskostnaði.
- *Húsnæðisgjald:* Ríkið greiðir húsnæðisgjald skv. rammasamningi og ber því að standa undir viðhaldi, umsjón, umsýslu, fasteignagiöldum og tryggingum fasteigna viðkomandi hjúkrunarheimilis.
- *Aðrar greiðslur frá ríki:* Framkvæmdasjóður aldraðra, launabætur, öryggisgæsla, sértækar greiðslur o.s.frv.
- *Greiðslur frá sveitarfélögum:* Framlag til að standa undir húsnæðiskostnaði, s.s. leigu og/eða vöxtum og afborgunum fasteignalána og til að styðja við rekstur viðkomandi heimilis (í raun frjáls framlög).
- *Fæði, leigutekjur og félagsstarf:* Innheimtar tekjur frá íbúum / þriðja aðila.
- *Kostnaðarþáttaka íbúa:* Íbúar á hjúkrunarheimilum gætu þurft að taka þátt í dvalarkostnaði sínum. Þátttakan er tekjutengd og reiknuð út frá fyrirlioggjandi tekjuáætlun hjá Tryggingastofnun. Kostnaðarþáttaka íbúa kemur til lækkunar á daggjaldagreiðslum frá ríki.
- *Aðrar tekjur:* Inniheldur m.a. fjármagnstekjur, styrkir, gjafir o.fl.

Líkt og sjá má standa greiðslur frá ríkinu almennt undir um 90-97% af heildartekjum hjúkrunarheimilanna á árinu 2020 – en framlag sveitarfélags til Dvalarheimili Stykkishólms skekkir aðeins heildina. Að því undanskyldu er hlutfallið 94% sem er nokkru hærra en landsmeðaltali sem rekja má aðallega til hás húsnæðisframlags við Silfurtún og Jaðar.

Samsetning tekna 2020									
	Brákarhlíð	Silfurtún	Fellaskjól	Dvalarh. Stykkis- hólmi	Fellsendi	Höfði	Jaðar	Vestur- land	Landið
Greiðslur frá ríki									
Daggjaldagreiðslur frá ríki	85%	75%	88%	51%	85%	87%	80%	81%	85%
Kostnaðarþáttaka íbúa	-	4%	-	2%	1%	-	2%	1%	4%
Húsnæðisgjald frá ríki	3%	19%	6%	3%	6%	7%	16%	7%	5%
Aðrar greiðslur frá ríki	2%	1%	-	4%	5%	1%	-	2%	1%
	90%	99%	94%	60%	96%	95%	98%	90%	95%
Aðrar greiðslur									
Framlög sveitarfélaga	4%	-	4%	40%	-	3%	-	7%	3%
Fæðissala / Leigutekjur / Félagstarf	2%	1%	1%	-	0%	1%	0%	1%	1%
Aðrar tekjur	4%	0%	2%	0%	4%	1%	2%	2%	1%
	10%	1%	6%	40%	4%	5%	2%	10%	5%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Þróun daggjalda

Daggjöld

- Þau daggjöld sem liggja til grundvallar útreikningunum samanstanda af innheimtum greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands og kostnaðarþátttöku íbúa.

Rými

- Heildarfjöldi rýma á hjúkrunarheimilum á Vesturlandi hafa verið á bilinu 210-213 á undanförunum fjórum árum en líkt og fram hefur komið er nýting rýmanna mismunandi og þau eru því ekki sambærileg að öllu leyti. Við útreikning á tekjum, gjöldum og stöðugildum á hvert rými er miðað við heildarfjölda rýma án tillits til nýtingar þeirra.


Daggjöld per rými

Dreifing daggjalda á hvert rými er talsverð og liggur á bilinu 10,4 – 12,5 m.kr. Dreifingin skýrist m.a. af tegundum undirliggjandi rýma, nýtingu þeirra og mismunandi hjúkrunarþyngd.

- Til samanburðar má nefna að daggjöld á hvert rými á landsvísu er að meðaltali tæpar 13,0 m.kr. á árinu 2020.

Athygli vekur að tekjur hvers heimilis fyrir sig eru talsvert undir landsmeðaltalinu þrátt fyrir að sum þeirra séu með nokkuð háan hjúkrunarþyngdarstuðul.

Daggjöld per rými



Daggjöld per rými				
ISK '000	2017	2018	2019	2020
Brákarhlíð	9.470	10.336	10.326	11.276
Silfurtún	9.323	9.575	9.905	10.408
Fellaskjól	9.469	10.184	11.007	12.178
Dvalarh. Stykkishólmi	9.445	11.420	11.907	12.507
Fellsendi	10.009	10.766	11.126	12.194
Höfði	9.645	10.889	11.319	12.067
Jaðar	7.335	9.701	9.921	10.533
Vesturland samtals	9.398	10.565	10.876	11.704
Landsmeðaltal	10.979	11.342	12.291	12.959

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

...frávikin jafngilda um 266 m.kr. séu þau heimfærð á öll 112 rými svæðisins

Launakostnaður (1/2)

Laun per rými				
ISK '000	2017	2018	2019	2020
Brákarhlíð	8.168	8.724	8.499	9.558
Silfurtún	8.206	7.968	8.816	10.197
Fellaskjól	7.801	8.830	9.641	10.545
Dvalarh. Stykkishólmi	9.385	10.336	10.829	11.920
Fellsendi	9.029	9.767	10.748	11.909
Höfði	8.707	9.867	10.315	11.512
Jaðar	6.619	8.107	9.104	10.637
Vesturland samtals	8.405	9.296	9.726	10.896
Landsmeðaltal	9.785	10.014	10.945	11.786

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Launakostnaður

Líkt og sjá má í töflunni hér að ofan hefur launakostnaður á hvert hjúkrunarrými á Vesturlandi verið umtalsvert undir landsmeðaltali á síðustu árum en einungis tvö heimili voru lítillega yfir á árinu 2020.

Engu að síður hafa miklar launahækkunar átt sér stað á undanförunum þremur árum og hefur árleg hækkun launakostnaðar á hvert rými Vesturlands verið um 9% samanborið við 6% á landsvísu. Ef lítið er til einstakra stofnana hefur árleg hækkun verið á bilinu 5-17%.

— Lægst í Brákarhlíð en hæst á Jaðri.

Launahlutfall				
ISK '000	2017	2018	2019	2020
Brákarhlíð	86%	84%	82%	85%
Silfurtún	88%	83%	89%	98%
Fellaskjól	82%	87%	88%	87%
Dvalarh. Stykkishólmi	99%	91%	91%	95%
Fellsendi	90%	91%	97%	98%
Höfði	90%	91%	91%	95%
Jaðar	90%	84%	92%	101%
Vesturland samtals	89%	88%	89%	93%
Landsmeðaltal	89%	88%	89%	91%

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Launahlutfall

Í samanburði við heildarlaunakostnað hjúkrunarheimila landsins hefur hlutfall launakostnaðar af daggjöldum verið ögn hærra hjá hjúkrunarheimilum Vesturlands á árunum 2017-2020.

Brákarhlíð og Fellaskjól skera sig nokkuð úr hvað varðar launahlutfall og eru einu heimilin sem eru undir 90% launahlutfalli. Hækkun launakostnaðar á undanförunum árum hefur lyft launahlutfalli annarra heimila verulega á undanförunum árum og er launahlutfalla fimm þeirra komið um og yfir 95% af daggjöldum.

— Slíkt launahlutfall mun ekki ganga til framtíðar m.v. núverandi tekjur en annar rekstrarkostnaður, án húsaleigu, hefur verið á bilinu 13-32% af daggjöldum á undanförunum árum eða um 16% að meðaltali ef horft á hjúkrunarheimilin í heild sinni.

...áætla má að hærra launahlutfall samanborið við meðallaunahlutfall hjúkrunarheimila landsins kosti heimilin á Vesturlandi allt að 100 m.kr. á ársgrundvelli

Launakostnaður (2/2)

Laun á hvert stöðugildi


Mönnun hjúkrunarheimilanna er með ólíkum hætti sem og launuppbygging þeirra. Grafið hér til hliðar sýnir launakostnað heimilanna sjö á árinu 2020 brotið niður á hvert stöðugildi.

Umtalsverður munur er á milli heimilanna en munurinn er allt að 30% á milli hæstu launanna og þeirra lægstu.

Ef horft er á Vesturlandið í heild sinni eru meðallaunin á hvert stöðugildi í ágætis samræmi við landsmeðaltalið – frávikin hafa verið um 1-5% á síðustu fjórum árum – en hafa þó farið lækkandi.

- Fjögur heimilanna á Vesturlandi eru með laun á hvert stöðugildi umfram landsmeðaltal. Að því gefnu að þær stofnanir geti lækkað launakostnað til samræmis við meðaltal landsins yrði árlegur sparnaður um 90 m.kr.
- Ef laun heimilanna væru til samræmis við núverandi meðallaun hjúkrunarheimila á Vesturlandi myndi heildarlaunakostnaður þeirra lækka um 103 m.kr. á ársgrundvelli.

Laun per stöðugildi 2020



Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

...áætla má að umfram launakostnaður á hvert stöðugildi samanborið við meðalkostnað hjúkrunarheimila landsins kosti heimilin allt að 90 – 105 m.kr. á ársgrundvelli

Annar rekstrarkostnaður

Ef annar rekstrarkostnaður Hjúkrunarheimila Vesturlands er skoðaður og greindur niður á helstu undirflokkum má sjá að hann er í samræmi við rekstrarkostnað annarra hjúkrunarheimila og frávik síðustu ára nema aðeins um -0,1 – 2,4% af daggjöldum hvers árs.

Ef undirflokkar eru skoðaðir niður á einstaka heimili eru helstu frávikin eftirfarandi:

- Lyf
 - Lyfjakostnaður heimila á Vesturlandi er umfram landsmeðaltal. Frávikin má rekja til Jaðars og Fellsenda sem eru umtalsvert yfir meðaltalinu á meðan önnur heimili svæðisins eru undir því.
- Þjónustukaup
 - Dvalarheimilið á Stykkishólmi er sérstaklega hátt í þjónustukaupum vegna kaupa á mat úr sameiginlegu mötuneyti Stykkishólmsbæjar (á móti er rekstur stoðþjónustu lágur). Að öðru leyti eru þjónustukaup á heimilum Vesturlands lág og talsvert undir landsmeðaltali.
- Stoðþjónusta
 - Stoðþjónusta heimilanna er almennt lág í samanburði við landsmeðaltal nema í tilfalli Silfurtúns þar sem kostnaður á hvert rými hefur verið um 1,0 m.kr. umfram meðaltal.
- Háan kostnað má fyrst og fremst rekja til rekstur eldhúss og mötuneytis.

Nánara yfirlit yfir annan rekstrarkostnað einstakra heimila og frávik frá landsmeðaltali má sjá í viðauka.

Annar rekstrarkostnaður					Hlutfall af daggjöldum			
ISK '000	2017	2018	2019	2020	2017	2018	2019	2020
Vesturland								
Hjúkrunarvörur og lyf	322	398	430	513	3,4%	3,8%	4,0%	4,4%
Þjónustukaup	241	337	211	216	2,6%	3,2%	1,9%	1,8%
Stoðþjónusta	878	951	972	1.057	9,3%	9,0%	8,9%	9,0%
Húsnæðiskostnaður	789	1.101	1.069	1.216	8,4%	10,4%	9,8%	10,4%
Ýmis kostnaður og eignakaup	151	213	193	174	1,6%	2,0%	1,8%	1,5%
	2.382	2.999	2.875	3.177	25,3%	28,4%	26,4%	27,1%
Landið								
Hjúkrunarvörur og lyf	341	342	398	436	3,1%	3,0%	3,2%	3,4%
Þjónustukaup	263	275	282	291	2,4%	2,4%	2,3%	2,2%
Stoðþjónusta	928	924	1.001	1.117	8,5%	8,1%	8,1%	8,6%
Húsnæðiskostnaður	1.168	1.248	1.382	1.272	10,6%	11,0%	11,2%	9,8%
Ýmis kostnaður og eignakaup	167	224	194	202	1,5%	2,0%	1,6%	1,6%
	2.867	3.013	3.257	3.318	26,1%	26,6%	26,5%	25,6%
Frávik								
Hjúkrunarvörur og lyf	-19	56	32	77	0,3%	0,8%	0,7%	1,0%
Þjónustukaup	-22	62	-71	-75	0,2%	0,8%	-0,4%	-0,4%
Stoðþjónusta	-50	27	-29	-60	0,9%	0,9%	0,8%	0,4%
Húsnæðiskostnaður	-379	-147	-313	-56	-2,2%	-0,6%	-1,4%	0,6%
Ýmis kostnaður og eignakaup	-16	-11	-1	-28	0,1%	0,0%	0,2%	-0,1%
	-485	-14	-382	-141	-0,8%	1,8%	-0,1%	1,5%

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Annar rekstrarkostnaður fimm heimila af sjö er undir landsmeðaltali. Gætu hin tvö lækkað kostnað niður í landsmeðaltal væri árssparnaður rúmar 16 m.kr.

Annar rekstrarkostnaður á hvert rými er lægstur á Dvalarheimilinu í Stykkishólmi eða um 2,7 m.kr. á hvert rými. Með því að heimafæra slíkan kostnað á önnur heimili yrði heildarsparnaður þeirra um 78 m.kr. á ársgrunni.

Stöðugildi

Ef horft er á fjölda stöðugildi á hvert hjúkrunarrými á árinu 2020 þá er hlutfall hjúkrunarheimila á Vesturlandi um 1,06 stöðugildi á hvert rými á meðan meðaltal annarra heimila er um 1,17.

Í töflunni hér til hliðar má sjá samsetningu stöðugilda á hvert rými fyrir árið 2020 en þar má sjá að hlutfall stöðugilda í umönnun er 12% undir meðalfjölda stöðugilda á hvert hjúkrunarrými á landsvísu.


- Hlutfall hjúkrunarfræðinga er 0,078 á hvert rými samanborið við 0,112 að meðaltali hjá hjúkrunarheimilum landsins.
 - Hlutfall hjúkrunarfræðinga af starfsmönnum í umönnun er 9% samanborið við 12% á landsvísu.
- Á móti er hlutfall sjúkraliða talsvert hærra hjá hjúkrunarheimilum Vesturlands eða um 0,188 á hvert rými sem jafngildir um 23% allra starfsmanna í umönnun.
 - Til samanburðar er hlutfall sjúkraliða af heildarstarfsfólki í umönnun um 17% á landsvísu skv. skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins.
- Önnur stöðugildi eru jafnmörg hjá hjúkrunarheimilum Vesturlands og á landsvísu en veruleg tilfærsla er á milli flokka þar sem stjórnendur eru mun fleiri á meðan starfsfólk í eldhúsi, þvottahúsi, ræstingum og umsjón fasteigna er undir því sem tíðkast á landsvísu.
 - Með aukinni samvinnu eða samnýtingu stjórnenda væri e.t.v. hægt að lækka launakostnað.

Færri stöðugildi eru á hvert hjúkrunarrými á Vesturlandi en gengur og gerist á landsvísu. Þó eru hlutfallslega margir stjórnendur á hvert rými á meðan fjöldi starfsfólks sem sinnir stoðþjónustu er undir meðaltali.

Stöðugildi per rými - 2020				
	Vesturland	Landið	Frávik	Frávik %
Læknar	0,001	0,002	-0,001	-45%
Hjúkrunarfræðingar	0,078	0,112	-0,034	-30%
Sjúkraþjálfarar	0,007	0,014	-0,007	-51%
Iðjuþjálfar	0,015	0,013	0,002	18%
Sjúkraliðar	0,188	0,159	0,029	18%
Annað fagfólk	0,024	0,042	-0,018	-42%
Ófaglært starfsfólk í umönnun	0,515	0,594	-0,079	-13%
Samtals stöðugildi í umönnun	0,828	0,936	-0,108	-12%
Eldhús	0,089	0,088	0,002	2%
Þvottahús	0,010	0,012	-0,003	-21%
Ræsting	0,045	0,059	-0,013	-23%
Umsjón fasteigna	0,016	0,019	-0,004	-19%
Stjórnendur	0,047	0,021	0,026	124%
Annað starfsfólk	0,025	0,033	-0,008	-25%
Samtals stöðugildi annað	0,232	0,232	0,000	0%
Samtals stöðugildi	1,060	1,168	-0,108	-9%

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Stöðugildi per rými



Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Umönnunarklukkustundir

Umönnunarklukkustundir

Sjá má að umönnunarklukkustundir á hvern íbúa eru færri hjá hjúkrunarheimilum Vesturlands en að meðaltali hjá öðrum heimilum.


Samkvæmt gögnum frá forsvarsmönnum stofnananna voru umönnunarklukkustundir þeirra (að deildarstjórum meðtöldum) á nokkuð breiðu bili eða 3,0 – 4,4 klst. á hvern íbúa á árinu 2020 samanborið við 4,1 klst. að meðaltali hjá heimilum landsins.

- Við útreikning á umönnunarklukkustundum er tekið tillit til áætlaðs orlofs (11-12% af greiddum stundum) og veikinda (3-4% af greiddum stundum) til samræmis við forsendur í skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins.
- Lágmarksviðmið Embættis landlæknis er 4,65 klst./íbúa

Reikniregla Embættis landlæknis:

$$\text{Umönnunarklst. á íbúa á sólarhring} = \frac{\text{Stöðugildi} * 5 \text{ dagar} * 8 \text{ stundir}}{\text{Fjöldi íbúa} * 7 \text{ dagar}}$$

Umönnunarklukkustundir á íbúa



Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Umönnunarklukkustundir				
ISK '000	2017	2018	2019	2020
Brákarhlíð	3,9	4,0	3,9	4,0
Silfurtún	4,0	3,8	4,2	4,0
Fellaskjól	4,5	4,8	5,1	4,4
Dvalarh. Stykkishólmi	3,3	3,5	3,2	3,2
Fellsendi	3,6	3,8	3,8	4,4
Höfði	4,0	4,2	4,2	4,3
Jaðar	2,3	2,6	2,5	3,0
Vesturland samtals	3,7	3,9	3,9	4,0
Landsmeðaltal	4,1	4,1	4,2	4,1

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Fagmönnumunarlutfall

Mönnun faglærðra

Grafið hér til hliðar sýnir hlutfall faglærðra í umönnun á árunum 2017-2020, annars vegar hjá hjúkrunarheimilum Vesturlands og hins vegar að meðaltali á landinu öllu. Líkt og sjá má hefur hlutfallið haldist í hendur á undanförunum árum.

- Í töflunni hér að neðan má svo sjá hvernig fagmönnumunarlutfallið hefur þróast hjá einstaka stofnunum á síðustu árum.
- Ekkert heimilanna nær lágmarksviðmiði Embættis landlæknis um hlutfall faglærðra af heildarfjölda í umönnun sem er 57,13%.


Líkt og komið hefur fram er hlutfall hjúkrunarfræðinga á Vesturlandi af heildarstöðugildum í umönnun um 9% samanborið við 12-13% að meðaltali hjá heimilum landsins.

- Lágmarksviðmið Embættis landlæknis er talsvert hærra eða 20,2%.
- Á móti hefur fjöldi sjúkraliða verið hærri en almennt er skv. landsmeðaltali.

Fagmönnumunarlutfall				
ISK '000	2017	2018	2019	2020
Brákarhlíð	39%	39%	38%	39%
Silfurtún	54%	56%	44%	40%
Fellaskjól	23%	26%	25%	23%
Dvalarh. Stykkishólmi	28%	30%	38%	36%
Fellsendi	43%	41%	37%	42%
Höfði	43%	42%	41%	40%
Jaðar	30%	30%	26%	28%
Vesturland samtals	39%	39%	38%	38%
Landsmeðaltal	39%	38%	37%	37%

Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG

Fagmönnumunarlutfall



Heimild: Forsvarsmenn Hjúkrunarheimila á Vesturlandi, skýrsla Heilbrigðisráðuneytisins „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“ og greining KPMG



Ábendingar um tækifæri til úrbóta



Tækifæri og lykilmælikvarðar

Atriði til skoðunar

Tekju- og kostnaðarhlið rekstrar

- Til að hámarka tekjur hjúkrunarheimilanna þarf að tryggja rétta framkvæmd RAI mats og hámarka nýtingu hjúkrunarrýma heimilanna.
- Skoða má hvort hagstætt sé fyrir rekstur heimilanna að skipta út dvalarrýmum fyrir hjúkrunarrými í einhverjum tilvikum.
- Skoða hvort sérhæfing einstakra heimila kunni að leiða til aukinna tekna.

Mönnun, vaktakerfi og launakostnaður

- Skoða hvort hægt sé að samnýta yfirstjórn heimilanna og mögulega lækna, aðra sérfræðinga eða sérhæfða starfsmenn með sameiginlegum ráðningum og / eða þjónustusamningum. Jafnframt væri hægt að skoða hvort hægt sé að eiga samstarf um afleysingar.
- Skilvirk stýring mannauðsmála og viðeigandi samsetning starfsmannahópsins er lykilatriði til að stuðla að hagkvæmni í rekstri hjúkrunarheimila.
 - Meta þarf mannaflapörf hvers heimils, skoða vaktakerfi þeirra og kanna hvort samsetning starfmannahópsins kunni að eiga vera með öðrum hætti – t.a.m. með hliðsjón af öðrum hjúkrunarheimilum sem og viðmiðum Embættis landlæknis.
- Skilgreina markmið um launahlutfall og kanna leiðir til að mæta þeim.

Virkt eftirlit með rekstri og fjármálum

- Líkt og í öðrum rekstri er mikilvægt að halda í markvissa áætlanagerð, hafa öflugt innra eftirlit og kostnaðaraðhald.
- Góð leið er að skilgreina skýr og mælanleg markmið fyrir hjúkrunarheimili svæðisins og setja fram lykilmælikvarða (KPI's).
